



GRUNNÁSTAND SVÆÐIS

Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli EBK ehf.

Júlí 2020

20418

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project856/Documents/Greinargerð/EBK_Grunnástand_svæðis.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	13.07.2020	BS/BB	GJ	BS/GJ

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:

Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli EBK ehf.
Fálkavelli 8, 235 Keflavíkurflugvelli

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Grunnástand svæðis	3
	Stig 1: Kortlagning notkunar á hættulegum efnum	3
	Stig 2: Greining á viðeigandi hættulegum efnum	5
	Stig 3: Mat á mögulegri mengun á lóðinni	6
3	Niðurstaða	7

1 Inngangur

Skýrsla um grunnástand athafnasvæðis Eldsneytisbirgðastöðvarinnar á Keflavíkurlugvelli EBK er unnin í samræmi við reglugerð 550/2018 og leiðbeiningar Evrópusambandsins um gerð skýrslu um grunnástand svæðis¹.

2 Grunnástand svæðis

Stig 1: Kortlagning notkunar á hættulegum efnum


Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurlugvelli, EBK ehf. er staðsett á lóð vestan við flugstöð Leifs Eiríkssonar, eins og sjá má á mynd 1. EBK hefur verið með eldsneytistanka á þessum stað frá árinu 1987 sem geyma þotueldsneyti. Í dag má geyma allt að 2.697 tonn en óskað er eftir stækkun í starfsleyfi um 3.105 tonn, samtals 5.801 tonn. Ekki er um að ræða aðra starfsemi á lóðinni og engin framleiðsla, notkun eða losun efna fer þar fram.



Mynd 1: Staðsetning lóðar Eldsneytisbirgðastöðvarinnar á Keflavíkurlugvelli EBK ehf., mynd tekin 2019 (mynd: map.is).

Af loftmyndum má sjá að lítil umsvif virðast hafa verið á lóðinni áður en byggt var á henni, sjá myndir 2 og 3. Greina má akstursleiðir um svæðið en engar byggingar eða jarðrask. Á mynd 4 sést að lítil sem engin breyting hefur verið á lóðinni frá árinu 1996.

¹ European Commission Guidance concerning baseline reports under Article 22(2) of Directive 2010/75/EU on industrial emissions (2014/C 136/03)



Mynd 2: Loftmynd af Keflavíkurlugvelli frá 1956 (mynd: Isavia, 2018).²
Rauður hringur sýnir hvar lóðin er um það bil í dag.



Mynd 3: Loftmynd af Keflavíkurlugvelli frá 1982
(mynd: Ljósmyndasafn Landmælinga).




Mynd 4: Loftmynd frá 1996 (mynd: map.is).

Samkvæmt skýrslu Verkís er dýpt á grunnvatn í nálægum borholum um 37 m.³
Grunnvatnstraumar liggja vestur og norðvestur, þetta má sjá á mynd 5.⁴

² https://issuu.com/isavia0/docs/saga_isavia_web_161118_mu

³ Verkís. (2018). Keflavíkurlugvöllur. Grunnvatnsrannsóknir.

⁴ Ísor. (2009). Vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum.



Mynd 5: Grunnvatnsstraumar á utanverðum Reykjanesskaga. (ísor)

Stig 2: Greining á viðeigandi hættulegum efnum

Viðeigandi hættuleg efni (e. relevant hazardous substances) eru skilgreind sem (i) efni eða efnablöndur sem eru flokkuð sem hættuleg, (ii) eru fær um að menga jarðveg og grunnvatn, sem afleiðing af hættueiginleikum, hreyfanleika, þrávirkni og niðurbrotanleika (auk annarra eiginleika) og (iii) eru notuð, framleidd og/eða losuð á lóðinni.¹ Sjá nánar um skilgreiningu á efnum sem eru flokkuð sem hættuleg í reglugerð 550/2018.

Viðeigandi hættuleg efni eru sýnd í töflu 1. Gefnar eru upplýsingar um notkun efnanna, hættuflokkun gagnvart umhverfi og magn sem getur verið á lóðinni á hverjum tíma.

Tafla 1: Listi yfir efni sem eru hættuleg umhverfinu og geymd í meira magni en 20 L.

Efnaheiti	Lýsing/Notkun	Hættulegt umhverfinu skv MSDS	Magn [tonn]
Steinolía (úr Jarðolíu) CAS-nr.: 8008-20-6 EB-nr.: 232-366-4 Styrkur %: 60 - 100 Hættuflokkun: Xn H65	Steinolíunni er dælt gegnum leiðslur frá Helguvík, að tönkum EBK, þar sem hún er geymd. Þaðan er steinolíunni dælt í gegnum leiðslur að flughlaði. EBK geymir eingöngu efnið.	Efnið flýtur á vatni. Ef mikið magn efnisins berst í jarðveg getur það spillt grunnvatni. Efnið brotnar niður að hluta en hluti getur safnast upp í umhverfinu. Efnið gufar hratt upp og dreifist í andrúmsloftinu.	Núverandi magn er 2.697 tonn. Eftir stækkun um 5.801 tonn.

Stig 3: Mat á mögulegri mengun á lóðinni

Möguleiki á jarðvegs- og grunnvatnsmengun á svæðinu nær yfir nokkra þætti. Í fyrsta lagi magn hættulegra efna sem um ræðir. Þar sem mjög lítið magn er notað, framleitt eða losað á lóðinni er möguleiki á mengun sé líklega óveruleg í því samhengi sem skýrsla um grunnástand er gerð. Í öðru lagi þarf að skoða eiginleika jarðvegs og grunnvatns á lóðinni og áhrif þeirra á möguleika á að mengun jarðvegs og grunnvatns eigi sér stað. Í þriðja lagi, þarf að skoða starfsemi sem þegar er á lóðinni og hvort hún er þess eðlis að það sé í reynd ómögulegt að mengun geti átt sér stað¹.

Gerð hefur verið áhættugreining og skilgreindar stýringar til að lágmarka hættu á mengun. Tankarnir eru í olíuheldri þró, lokaðir og með öndunarlúgum. Fram fara reglulegar ástandsskoðanir á tönkum, leiðslum og búnaði. Fyrirbyggjandi viðhald og daglegt eftirlit er viðhaft. Tafla 2 gefur yfirlit yfir ráðstafanir sem gripið hefur verið til og hvernig áhætta á jarðvegs- og grunnvatnsmengun vegna starfseminnar er lágörkuð.

Tafla 2: Stýringar sem gerðar hafa verið í kjölfar áhættumats.

Stýringar vegna Steinolíu
Olíuheld þró, rúmar 110% af magni stærsta tanks.
Olíuskilja, af gerð I, frá Borgarplast.
Áfylling og meðferð olíuefna fer fram á olíuheldu áfyllingarplani og innan olíuheldrar þróar.
Viðvörðunarkerfi á tönkum stöðvar áfyllingu inn á tanka ef magnið fer yfir hæðarmörk. Tvöfalt viðvörðunarkerfi er á hverjum tanki, high og high/high. Báðar viðvaranir slá út dælum í Helguvík. Hljóð- og gaumljósakerfi eru hluti af viðvörðunarkerfinu og láta hlutaðeigandi vita ef neyðarástand kemur upp.
Allir tankar eru lokaðir, með öndunarlúgum.
Daglega er farinn ástandsskoðunarhringur sem hluti af reglubundnum verkum, þar sem skoðað er ástand þróar, lagna og tanka.
Fyrirbyggjandi viðhald er viðhaft á búnaði stöðvarinnar .
Tankar eru ástandsskoðaðir árlega að innan án inngöngu og að utan.
Jarðbinding tanka er mæld reglulega.
Tankar eru skoðaðir með inngöngu á fimm ára fresti þar sem þeir eru hreinsaðir og botnþykktarmældir.
Mánaðarlegar prófanir eru framkvæmdar á yfiráyllivörnum tanka.
Eldsneytislagirnir eru þrýstiprófaðar á fimm ára fresti.
Mánaðarlegt sýni er tekið úr olíuskilju með sýnatökupappír. Rafræn sívöktun á magni í olíuskilju.

Ólíklegt er að mengun sé til staðar á lóðinni en ekki er hægt að útiloka að olíuefni hafi spillst frá tækjum sem fara um lóðina en það hafa þá verið smávægilegir lekar og möguleiki á mengun óverulegur í því samhengi sem skýrsla um grunnástand er gerð, sbr. leiðbeiningar Evrópusambandsins. Ekki er vitað til að orðið hafi slys eða óhöpp á starfstíma fyrirtækisins. Nýlega var grafið fyrir nýjum tanki og ekki varð vart við mengun í jarðvegi.

Sett hefur verið fram viðbragðsáætlun sem lögð er fram með starfsleyfisumsókn. Einnig hefur verið gerð grein fyrir vöktun og mótvægisáðgerðum.

3 Niðurstaða

Kortlögð voru viðeigandi hættuleg efni sem eru eða hafa verið geymd á athafnasvæði EBK. Farið var yfir möguleika á mengun og hvort atvik hafi orðið í rekstrinum sem gætu hafa valdið mengun grunnvatns eða jarðvegs. Skoðuð var saga lóðarinnar og hvort mengandi starfsemi hafi verið þar áður en EBK hóf þar starfsemi. Lagt var mat á mögulega mengun á lóðinni með hliðsjón af þessu og upplýsingum um jarðveg og grunnvatn á svæðinu.

Ekki er talin hættu á mengun jarðvegs og grunnvatns við eðlileg rekstrarskilyrði miðað við mengunarvarnir og viðbragðsáætlanir sem eru til staðar.

Í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins um gerð skýrslu um grunnástand svæðis, er hér að ofan farið fyrir stig 1-3 og einnig tekið mið af kafla 5 (Stages in producing the baseline report) þar sem segir: „In case of existing installations, where measures are taken which make it impossible in practice that contamination of soil or groundwater occurs, a baseline report is also not required.“

Farið var yfir sögu fyrirtækisins og mengunarvarnir sem viðhafðar eru og ekki er ástæða til að ætla að mengun hafi átt sér stað á svæðinu. Niðurstaðan er að ekki er talin þörf á frekari skýrslugjöf um grunnástand svæðis.